

## Jarðhitafélag Íslands

### Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2014-2015

#### Aðalfundur 19. mars 2015

Ágætu félagsmenn,

Að baki er enn eitt viðburðaríkt ár í jarðhitageiranum á Íslandi. Atvinnulíf landans virðist vera að rétta úr kútnum eftir samdráttinn sem fylgdi bankahruninu 2008 og fer eftirspurn eftir orku sívaxandi. Slíkri eftirspurn þarf að svara svo hjól atvinnulífsins geti snúist óáreitt. Orka Náttúrunnar hefur hafið framkvæmdir við Hverahlíðarlögn sem mun leiða gufu frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun og nýlega greindi Landsvirkjun frá undirritun samnings við Fuji Electric og Blake Dürr um kaup á 45 MW vélasamstæðu fyrir Þeystareikjavirkjun. Það eru því áhugaverðir tímar framundan fyrir jarðvísindafólk.

Íslendingar halda áframa að láta til sín taka erlendis, Reykjavík Geothermal í Eþíópíu, Green Energy Group í Kenýa, Orka Energy í Filippseyjum að ógleymdum ÍSOR sem eru eftirsóttir ráðgjafar um allan heim.

Ört vaxandi grein innan iðnaðarins er fjölnýtingin og hefur Ísland nokkra sérstöðu í þeim efnum. Á Íslandi hafa menn í aldanna rás fundið not fyrir þann varma sem jörðin hefur gefið okkur, til baða, hitunar, þvotta og ræktunar svo eitthvað sé nefnt. Í dag er fjölnýting jarðvarmans á Íslandi margvísleg og skipar mikilvægan sess í mörgum undirstöðu atvinnugreinum Íslands, s.s. ferðapjónustu og sjávarútvegi. Heilsulindir draga til sín þúsundir ferðamenn á ári hverju, fjölmörg fiskeldi nýta varma úr jörðu meðal annars stærsta fiskeldi landsins sem nýtir varma frá jarðvarmaveri á Reykjanesi. Fiskþurrkun er orðin gríðarlega umfangsmikil og má geta þess að sé keypt þurrkuð fiskafurð í Nígeríu eru um 70% líkur á að afurðin komi frá Íslandi. Gróðurhús upphituð með jarðvarma þekja marga hektara og skaffa okkur íslenskt grænmeti árið um kring. Á Hæðarenda er koldíoxíð fyrir gosdrykki landans unnið úr gasríku jarðhitavatni. Persónulega tel ég þó eitt skemmtilegasta og best geymda leyndarmál fjölnýtingarinnar vera staðsett á Húsavík þar sem gullfiskar synda í volgu affalli frá Orkustöðinni.

#### 1. Starfsemi stjórnar JHFÍ

Á síðasta aðalfundi félagsins, þann 30. apríl 2014, gengur Bjarni Pálsson, fráfarandi formaður og Gústaf Adolf Skúlason úr stjórn félagsins. Kristín Vala Matthíasdóttir gaf kost á sér í formennsku og hlaut kosningu til tveggja ára. Ásamt henni var Magnús Þór Jónsson endurkjörinn og þeir Sigurjón Norberg Kærnested, framkvæmdastjóri veitusviðs Samorku, og Egill Júlíusson, forðafraeðingur Landsvirkjunar kjörnir nýir í stjórn félagsins til tveggja ára.

Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson voru kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins og Oddur B. Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

Ný stjórn skipti með sér verkum með þeim hætti að, auk Kristínar Völu Matthíasdóttur formanns var Hildigunnur Thorsteinsson valin sem varaformaður, Sigurjón Norberg Kærnested ritari, Claus Ballzus gjaldkeri og Magnús Ólafsson, Magnús Þór Jónsson og Egill Júlíusson meðstjórnendur.

Starfsemi stjórnar var með hefðbundnu sniði. Haldnir voru 7 fundir (fundir 117-123) og var mestum kröftum stjórnar beint að haust-og vorfundum félagsins.

## **2. Starfsemi Jarðhitafélags Íslands**

Af starfsemi Jarðhitafélags Íslands starfsárið 2014-2015 bar einkum fimm atriði á góma, vorfundur 2014, haustfundur 2014 og nú vor- og aðalfundur 2015. Einnig var veittur styrkur til háskólanema til að kynna verkefni á erlendri ráðstefnu. Þá tilkynnti Alþjóða Jarðhitasambandið að World Geothermal Congress 2020 yrði haldin á Íslandi, en Jarðhitafélag Íslands og Samorka studdu umsókn Iceland Geothermal um að halda þessa ólympíuleika jarðhitageirans á Íslandi eins og sá stóri viðburður er stundum nefndur.

### **Vorfundur JHFÍ 2014**

Vorfundur Jarðhitafélags Íslands 2014 var haldinn þann 30. apríl í húsaáskynnum ÍSOR, að loknum aðalfundi félagsins. Bar hann yfirskriftina: *Ferilefnaprófanir í jarðhitanýtingu*.

Á fundinum fór Guðni Axelsson, sviðsstjóri kennslu og þróunar ÍSOR, í gegnum markmið ferilefnaprófa. Þá kynntu sú sem hér stendur, Egill Júlíusson, forðafraeðingur Landsvirkjun og Bjarni Reykr Kristjánsson, jarðfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur niðurstöður ferilefnaprófa á jarðhitasvæðunum á Reykjanesi, í Kröflu og á Hellisheiði. Fundarstjóri var Hildigunnur Thorsteinsson, varaformaður JHFÍ.

### **Haustfundur Jarðhitafélags Íslands 2014**

Haustfundur JHFÍ var haldið í húsaáskynnum ÍSOR þann 23. október 2014. Fundurinn var tileinkaður störfum Sverris Þórhallssonar.

Benedikt Steingrímsson, sviðsstjóri háhita hjá ÍSOR, flutti erindi um verkfræðinginn Sverri þar sem farið var yfir líf og störf Sverris Þórhallssonar. Í kjölfarið fylgdu áhugaverð erindi frá Þór Gíslasyni, framkvæmdastjóra tækniþjónustu HS Orku, um sögu borana á Íslandi, Vigdís Harðardóttur jarðefnafræðingi hjá ÍSOR um útfellingar, Gunnari Skúlasyni Kaldal, doktorsnema, um greiningar á borholufóðringum og Hinrik Árna Bóassyni, vélfræðingi hjá Mannvit, um frárennsli frá borholum. Fundarstjóri var Albert Albertsson, hugmyndasmiður HS Orku.

### **Ferðastyrkir JHFÍ til íslenskra doktorsnema**

Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að bjóða einn 300 þús. króna styrk til háskólanema, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu. Að þessu sinni bárust 11 mjög frambærilegar umsóknir. Eftir mjög nákvæma yfirferð á umsóknunum ákvað stjórn félagsins að veita Gunnari Skúlasyni Kaldal styrkinn. Gunnar er á lokaári í doktorsnámi í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, þar sem hann hermir áraunar á stálfóðringar í háhitaborholum. Gunnar mun kynna verkefni sitt á WGC í Ástralíu í apríl á næstkomandi. Hagnýtt gildi verkefnisins hefur nú þegar sýnt sig hérlandis, en niðurstöður úr borholulíkaninu hafa verið notaðar til að aðstoða við borholuhönnun.

## **3. Annað á döfinni í íslenska jarðhitaheiminum**

Þátttaka í Alþjóða jarðhitasambandinu, IGA, hefur frá upphafi verið mikilvægur þáttur í starfsemi JHFÍ. Allir félagsmenn JHFÍ eru jafnframt meðlimir IGA. Íslendingar hafa alla tíð verið áberandi í stjórn IGA og sitja nú 4 fulltrúar Íslands í 30 manna stjórn IGA. Eins og áður segir þá tilkynnti stjórn IGA

nýlega að heimsþing IGA, WGC 2020, sem haldið er á 5 ára fresti verði haldið á Íslandi. Um er að ræða langstærsta viðburðinn á sviði jarðhitamála í heiminum og einn stærsta ráðstefnuviðburð sem haldinn hefur verið á Íslandi. En búast má við allt að 3000 jarðhitasérfræðingum víðsvegar að úr heiminum á ráðstefnuna. En það er ekki eini stórviðburðurinn á næstunni því Iceland Geothermal Congress III verður haldin í apríl 2016 og er undirbúningur nú þegar hafinn.

Það má því með sanni segja að Ísland verði miðpunktur jarðhitamála næstu misseri.

#### **4. Lokaorð**

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili Hildigunnar Thorsteinssonar, varaformanns, Claus Ballzus gjaldkera og Magnúsar Ólafssonar. Þau Hildigunnur og Claus gefa kost á sér til endurkjörs. Magnús segir hins vegar skilið við stjórn JHFÍ eftir 4 ára setu. Vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka Magnúsi fyrir störf sín fyrir félagið sl. 4 ár.

Fjármál félagsins eru með ágætum og verða rædd undir sérstökum dagskrárlið hér á eftir.

Á haustfundinum í október sl. greindi ég frá þeirri staðreynd að umsóknum í Jarðhitafélagið hefði farið fækkandi mjög svo milli ára og biðlaði til fyrirtækja og stofnanna að hvetja starfsfólk sitt sem vinnur á sviði jarðhita til að gerast aðilar að félaginu. Mér er því sönn ánægja að tilkynna hér að félaginu hafa borist á 35 umsóknir frá síðasta aðalfundi félagsins. Félagsmenn eru því 172 og félög og stofnanir 24. Ísland er jarðhitaþjóð, við erum stolt af því og við eigum að sína samstöðu í öfluglu og traustu Jarðhitafélagi.

Að lokum vil ég þakka fyrir samstarfið á starfsárinu sem er að líða.

Fyrir hönd stjórnar Jarðhitafélags Íslands,

Kristín Vala Matthíasdóttir, formaður.